

Nefndasvið Alþingis  
Allherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK



Akranesi 26.1.2015

Tilvísun: V201501021


## Efni: Umsögn Landmælinga Íslands um frumvarp til laga um örnefni (heildarlög), 403. mál

Vísað er til erindis allherjar- og menntamálanefndar Alþingis dags. 22. janúar 2015 þar sem óskað er eftir því við Landmælingar Íslands að stofnunin veiti umsögn um frumvarp til laga um örnefni (heildarlög), 403. mál.

Landmælingar Íslands fagna framkomnu frumvarpi en skv. því er hlutverk stofnunarinnar við skráningu og miðlun örnefna fest í sessi. Ágætt samráð var haft við Landmælingar Íslands við samningu frumvarpsins og lýsir stofnunin yfir ánægju með þau vinnubrögð.

Þær athugasemdir sem stofnunin vill koma á framfæri vegna frumvarpsins eru:

1. Í 7. grein er fjallað um nafngiftir nýrra náttúruyfyrirbæra og í 5. grein er fjallað um úrlausnir örnefnanefndar. Hvort tveggja hefur áhrif á örnefnagrunn Landmælinga Íslands skv. 9. grein en ekki er tekið á tilkynningaskyldu úrskurðaraðila til Landmælinga Íslands þannig að örnefnagrunnur sé sem réttastur á hverjum tíma. Á þessu þyrfti að skerpa, a.m.k. í skýringum.
2. Skv. 9. gr. er ráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð um innihald, skráningu og tilhögun örnefnagrunns. Landmælingar Íslands benda á að kostnaður við viðhald örnefnagrunnsins mun að einhverju leyti byggjast á þessari reglugerð en í dag hefur stofnunin ekki sérstaka fjárveitingu í verkefnið. Þar gæti t.d. verið um að ræða kröfu um mjög nákvæm og nýleg grunngögn eins og háupplausnar gervitunglamyndir þar sem árlegur kostnaður við kaupa á gögnum getur numið nokkrum milljónum.
3. Varðandi 11. gr. 1.tölulið, stafl. b. skal bent á að Landmælingar Íslands hafa þegar uppfyllt skilyrði um gjaldfrjálst aðgengi og endurnot örnefnagrunnsins auk þess sem almenningur hefur haft aðgang að skráningu örnefna í örnefnagrunn stofnunarinnar um nokkurra ára skeið. Þessi aðgangur er þó háður því að einstaklingur sem vill skrá örnefni hafi sérþekkingu á staðháttum á því svæði sem hann fær til skráningar.
4. Í frumvarpinu er hlutverk Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skerpt og vægi þess aukið. Landmælingar Íslands vilja benda á að til þess að það sé hægt þarf að tryggja fjármögnun þessa mikilvæga verkefnis.

Virðingarfyllst  
  
 Magnús Guðmundsson  
 forstjóri Landmælinga Íslands